

Hjúkrunar- og lækna ráð Sjúkrahússins á Akureyri (SAk)

Alþingi – nefndasvið
Velferðarnefnd Alþingis
nefndasvið@althingi.is

16. mars 2017

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um styttingu biðlista á kvennadeildum, 115. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 2. mars 2017. Þar sem óskað er eftir umsögn um ofantalið mál.

Hjúkrunar- og lækna ráð Sjúkrahússins á Akureyri fagna því að fram komi tillaga um styttingu biðlista á kvennadeildum og átak verði gert í að stytta þá. Ráðin eru sammála um mikilvægi þess að efla enn frekar heilbrigðisstofnanir víða um land og fela þeim aukin verkefni.

Hjúkrunar- og lækna ráð leggja áherslu á að þær tegundir aðgerða á kvenlíffærum sem upp eru taldar í tillögunni eru allar framkvæmdar á Sjúkrahúsinu á Akureyri og stofnunin er vel til þess fallin að taka við auknum verkefnum sem þessum.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni og er fyrsta heilbrigðisstofnunin á Íslandi til að hljóta slíka vottun.

Virðingarfyllst,

Hjúkrunarráð Sjúkrahússins á Akureyri

Lækna ráð Sjúkrahússins á Akureyri

Sólveig Tryggvadóttir, formaður

Ragnheiður Halldórsdóttir, formaður